

Dr. Helgi Pjeturss

Hvenær og hvernig Ísland er orðið til

I.

Í Lesbók 30.3. s. l., er undir yfirskriftinni „Fjaðrafok“ tekinn upp skemmtilegur kafli eftir Þorv. Thoroddsen um þetta efni. Þar segir svo: „Nokkrum þúsundum alda áður en ísöld gekk yfir, lá breiður landsbálkur yfir Atlantshaf þvert ... Ísland var einn hluti af þessum landsbálki ... fleiri og fleiri landspildur sigu ... í sjó, og á endanum fór svo að Ísland stóð eitt eftir. ...“

Þetta gefur mjög villandi hugmyndir um jarðsögu Íslands. Því að af þessari frásögn mætti ráða, að þegar hið mikla blágrýtis meginland var brotið frá og sokkið í sjó allt í kring, þá hafi Ísland staðið þar eftir, í aðalatriðum einsog nú er. En því fer mjög fjarri. Vjer getum af stórfroðlegum jarðmyndunum á Snæfellsnesi og víðar, með vissu ráðið, að jafnvel eft-

ir að fyrsta ísöldin hafði gengið hjer yfir, var ekkert til sem líktist Íslandi nútímans. Jafnvel eftir að sú breyting var orðin á, eftir ísöldina fyrstu, að sjávarhluti var við strendurnar líkur því, sem nú er, var ekki til neitt Snæfellsnes, og þá heldur ekki Reykjanes, sem er mun yngra. Enginn Faxaflói var til, eða Breiðifjörður, ekkert sem líktist hinni núverandi suðurströnd Íslands, engin Hekla, Eyjafjallajökull, Mýrdalsjökull, Örefajökull o. s. frv.; enginn Hvalfjörður eða Botnssúlur, ekkert sem líktist Esjuni o. s. frv. Ísland er jarðsöguleg nýsköpun, langt fram yfir það sem áður var haldið. Verður það eitt mikið og mjög merkilegt viðfangsefni þeirrar jarðfræðirannsóknar Íslands, sem vorandi kemur bráðum, að leiða þetta í ljós sem nákvæmlegast. Er nú kostur

mjög hæfra íslenskra jarðfræðinga ungra, til að halda uppi slíkri stofnun; einsog þegar hefir sýnt sig.

II.

Íslendingar hafa bæði fyr og síðar, fengið að reyna hvílikir erfiðleikar og hættur eru því samfara, að eiga heima í landi sem svo ákaflega er í smíðum. Og virðast þó allmiklar líkur til, að í vændum sje það sem verra yrði en nokkuð sem gerst hefir af því tagi síðan land byggist. Á jeg þar við endurtekið gos á eldstöðvunum frá 1783. Og er „huggunin“ þar af nokkuð svipuðu tagi og hið fornkveðna: svo skal höl bæta, að hlíða annað meira. Því að horfur eru á, að kjarnorkusprengjur þriðju heimsstyrjaldar, mundu hafa gert Ísland óbyggilegt, áður en hinir eyðileggjandi jarðeldar kæmu til sögunnar.

En ekki þarf þó svo að verða. Nýjar uppgötvanir í vísindum hafa, eins og kunnugt er, orðið til þess að unnt hefir verið að smíða dráps- og eyðileggjartæki, sem fara langt frámúr því sem menn til skamms tíma höfðu haldið að orðið gæti.

En hugsanlegar eru þær vísindalegar uppgötvanir sem á ennþá miklu stórkostlegri hátt gætu orðið máttugri til gúðs en kjarnorkusprengjurnar til ills, og meðal annars mundi af leiða, að það mannkyn sem í sannleika væri komið á framfarabraut, fyndi ráð til að hafa hemil á jarðöflunum, þannig að ekki stæði háski af þeim framar, sbr. hina stórkostlegu framtíðarlýsingu Macmillan Browns, er heitir Limanora eða Framfaraeyjan, og fyrsta kaflaun í væntanlegri Nýalsbók sem heitir Þónýall.